

Mál nr. 411/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.****Skráningarnúmer ökutækis (A)****Umfang tjóns. Frávísun****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 10. nóvember 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 9. desember 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. janúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 13. janúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti og gögnum málsins kemur fram að M misst stjórn á bifreiðinni A og við það ekið út af Reykjanesbraut og hafnað á vegriðri hinn 30. janúar 2024. Við það hlaut hún líkamstjón og af hálfu V var bótaskylda samþykkt. Málið fór í hefðbundið ferli hjá lögmanni M og V. Matsgerð, dags. 16. júní 2025, liggur fyrir í málinu og voru niðurstöður hennar þær m.a. að M var metin til 8 stiga varanlegs miska og 10% varanlegrar örorku. Á grundvelli matsins sendi lögmaður M kröfubréf, dags. 18. júní 2025, til V. Byggði bótakrafan á niðurstöðum matsgerðarinnar og ákvæðum skaðabótalaga. Nokkur samskipti áttu sér stað milli aðila en það var svo þann 8. september 2025 sem V sendi M bótatilboð vegna slyssins. Af hálfu M var það bótatilboð samþykkt með hefðbundnum fyrirvara við matsniðurstöðuna. Engin greiðsla barst til M og sendi V tölvupóst til lögmanns þar sem fram kom að V væri að rannsaka ábendingar um að eitthvað væri óeðlilegt við þetta mál. Kallaði V eftir frekari gögnum sem send voru til V 30. september 2025. Fór lögmaður M jafnframt fram á að fá bætur greiddar. Upplýsti V að grunur væri um tryggingasvik M og að málið væri í rannsókn. Þrátt fyrir ítrekanir lögmanns M hafa engin svör borist frá V. Hefur M því ekki aðra kosti en að leggja málið fyrir nefndina. Óumdeilt sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í skilningi skaðabótalaga. Afleiðingar slyssins hafi verið metnar og hafi V sent bótatilboð sem M hafi samþykkt með hefðbundnum fyrirvara. Sé V því skylt að standa við það bindandi samkomulag sem komið hafi verið á. Samkvæmt 48. gr. og 121. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga megi M krefjast bótagreiðslu frá V 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem því var þörf á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út endanlega fjárhæð bóta. Greiðsluskylda V sé skýr. Engin gögn liggja fyrir um að greiðsludráttur V sé réttlætanagerur. Það sé V sem beri sönnunarbyrði fyrir fullyrðingu um meint tryggingasvik og gerðar hafi verið ríkar kröfur um sönnun í þeim efnum.

Í bréfi V til nefndarinnar er farið fram á frávísun málsins með vísan til a- og g-liða 4. gr. samþykktar nefndarinnar. V hafi kært málið til lögreglunnar og sé málið þar til rannsókna. Ágreiningurinn heyrir því undir embætti lögreglunnar á Suðurnesjum. Einnig telji V að vísa beri málinu frá þar sem málið sé illa upplýst þar sem rannsókn lögreglu sé ekki lokið. Niðurstaða rannsókna hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að M hafi ekkert heyrt frá lögreglu vegna málsins. Hafnar M því að málið sé þess eðlis að frávísun eigi sér stað. Hafi V hvorki lagt fram afrit af kæru til lögreglu né önnur gögn til staðfestingar því að kæra hafi verið lögð fram hjá lögreglu vegna málsins.

Í viðbótarathugasemdum sínum upplýsir V að því sé ekki fært að afhenda gögn eða samskipti sem varði meinta háttsemi M enda gæti það spillt rannsókn málsins.

Álit.

Verður fyrst vikið að kröfu V um frávísun málsins. Í samþykktum fyrir nefndina, kemur fram í a-lið 4. gr. að nefndin fjalli ekki um ágreining sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld. Samkvæmt 3. gr. samþykktanna heyrir mál undir starfssvið nefndarinnar sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga eða váttryggingarstarfsemi að öðru leyti. Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og varnaraðila. Ágreiningur um bótaskyldu úr slysáttryggingu

ökumanns og eiganda heyrir þannig undir nefndina. Í þessu máli samþykkti V bótaskyldu, sameiginlegt örorkumat fór fram og voru aðilar búnir að koma sér saman um fjárhæð skaðabóta. Þannig var enginn ágreiningur til staðar um bótaskyldu þar sem grunur vaknaði hjá V um að um váttryggingasvik væri að ræða. Játa verður váttryggingafélögum ákveðið svigrúm til að bregðast við þegar upp koma rökstuddar ábendingar um möguleg váttryggingasvik, enda eru slík mál þess eðlis að lögregla hefur sérþekkingu og rannsóknarheimildir sem nefndin hefur ekki. Þegar mál er komið til formlegrar rannsóknar hjá lögreglu er því eðlilegt að ætla lögreglu að ljúka sinni rannsókn áður en tekin er efnisleg afstaða til þeirra atvika sem liggja til grundvallar álitni nefndarinnar. Þannig liggur fyrir að afstaða nefndarinnar til greiðsluskyldu V getur ráðist af þeirri niðurstöðu sem fæst í opinberri rannsókn málsins. Að því virtu verður ekki á það fallist að nefndin taki efnislega afstöðu á meðan rannsókn lögreglu stendur yfir. Með vísan til a-liðar 4. gr. samþykktar nefndarinnar verður málinu því vísað frá meðan málið er til rannsóknar hjá lögreglu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 27. janúar 2026
rafræn undirritun

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir